



## Viðhorf íbúa á höfuðborgarsvæðinu til ferðamanna

### Meirihluti íbúa jákvæður gagnvart ferðamönnum

Íbúar á höfuðborgarsvæðinu eru áfram almennt jákvæðir gagnvart ferðamönnum samkvæmt niðurstöðum viðhorfskönnunar sem gerð var fyrir Höfuðborgarstofu í sumar. Ánægjan er þó minni en árin á undan en ferðamenn voru 88% fleiri á landinu fyrstu sex mánuði ársins miðað við sama tíma árið 2015, samkvæmt gögnum frá [Ferðamálastofu](#). Langflestir eru stoltir af því að búa í borg sem tekur vel á móti ferðamönnum og meirihluti telur íbúa gestrisna gagnvart ferðamönnum. Ferðamenn fá líka góða einkunn en langflestir segja lítið ónæði af þeim og telja þá vinsamlega í samskiptum sínum við heimamenn. Flestir eru á því að aukinn fjöldi ferðamanna hafi jákvæð efnahagsleg áhrif á höfuðborgarsvæðinu

Maskína framkvæmdi könnunina fyrir Höfuðborgarstofu og fór hún fram 12. apríl til 9. júní 2017. Könnunin var lögð fyrir íbúa í öllum póstnúmerum á höfuðborgarsvæðinu, alls svöruðu 1.860 manns og er þetta þriðja sinn sem slík könnun er gerð.

Könnunin leiðir í ljós að níu af hverjum tíu íbúum á höfuðborgarsvæðinu eru ýmist í meðallagi, frekar eða mjög jákvæðir gagnvart ferðamönnum. Um níu prósent íbúa segjast fremur eða mjög neikvæð gagnvart þeim. Þetta er örlítill breyting frá síðasta ári þegar sömu hlutföll voru 95% og rúmlega sex prósent sögðust frekar og mjög neikvæð gagnvart ferðamönnum.

Sjö af hverjum tíu íbúum telja fjölda ferðamanna hæfilegan í sínu hverfi á sumrin á móti tæplega 57% íbúa í miðborginni. Sex af hverjum tíu íbúum höfuðborgarsvæðisins telja að á sumrin sé fjöldi ferðamanna í miðborginni of mikill.

Yfir vetrarmánuðina telja um 70% íbúa á höfuðborgarsvæðinu ferðamenn í sínu hverfi vera hæfilegan en hlutfallið er 64% hjá íbúum miðborgarinnar. Sex af hverjum tíu íbúum höfuðborgarsvæðisins telja fjölda ferðamanna í miðborginni hæfilegan á veturna og hlutfallið er svipað hjá íbúum miðborgarinnar.

Íbúar miðborgarinnar eru jákvæðari gagnvart ferðaþjónustunni en íbúar höfuðborgarsvæðisins í heild en í miðborginni segja 63% að almennt vegi jákvæðar hliðar ferðaþjónustu þyngra en neikvæðar á móti helmingi aðspurðra á höfuðborgarsvæðinu í heild.

Átta af hverjum tíu segja að aukinn fjöldi ferðamanna hafi jákvæð efnahagsleg áhrif á höfuðborgarsvæðinu og fleirum finnst lífsgæðin í sínu nærumhverfi hafa batnað en versnað með auknum fjölda ferðamanna eða 20% á móti 10%. Í miðborginni eru íbúar afdráttarlausari og segir um þriðjungur þeirra að lífsgæði sín hafi batnað og fjórðungur að þau hafi versnað.

Næstum allir íbúar á höfuðborgarsvæðinu segja ferðamenn vera í meðallagi, frekar eða mjög vinsamlega eða um 98% og aðeins fleiri íbúar í miðborginni telur þá mjög vinsamlega borið saman við íbúa á svæðinu í heild eða tæplega þriðjungur á móti 25% .

94% telja að íbúar á höfuðborgarsvæðinu séu í meðallagi, fremur eða mjög gestrisnir gagnvart erlendum ferðamönnum. Sama hlutfall telur að framboð á veitingastöðum á höfuðborgarsvæðinu hafi aukist með auknum fjölda ferðamanna sem er aðeins meira en á síðasta ári. Þá telja tæplega níu af hverjum tíu að framboð á kaffihúsum hafi aukist með fjölguninni.

Níu af hverjum tíu íbúum á höfuðborgarsvæðinu hefur sjaldan eða aldrei orðið fyrir ónæði frá ferðamönnum við heimili sitt og 65% íbúa í miðborginni.

Fleiri íbúar höfuðborgarsvæðisins eru hlynttir því að einstaklingar geti leigt út eigið húsnæði í gegnum Airbnb í allt að 90 daga á ári en þeir sem eru á móti því eða um helmingur á móti 28%. Íbúar miðborgarinnar eru hins vegar áhugasamari um að leigja út heimili sín en þar hefur fimmtungur fremur eða mjög mikinn áhuga á því en 60% hafa fremur eða mjög lítinn áhuga á því.

Þá verða þrír af hverjum fjórum íbúum borgarinnar fremur eða mjög lítið varir við rekstur heimagistingar í nágrenni við sig. 13% verða hins vegar fremur mikið eða mjög mikið vör við slíkan rekstur. Allt önnur staða er í miðborginni þar sem helmingur verður fremur eða mjög mikið var við rekstur heimagistingar. Þriðjungur verður hins vegar fremur lítið eða mjög lítið var við hann.

*„Þetta er í þriðja sinn sem Höfuðborgarstofa mælir viðhorf íbúa á höfuðborgarsvæðinu til ferðamanna og ferðaþjónustu og hafa kannanirnar ávallt sýnt afar jákvæðar niðurstöður,“ segir **Áshildur Bragadóttir forstöðukona Höfuðborgarstofu.** „Árið 2015 var ánægjan svo mikil að það er næstum erfitt að bera viðhorfin saman við það ár. Frá þeim tíma hefur orðið nærri 90% aukning á fjölda ferðamanna og eðlilegt að jákvæðni nú sé minni en fyrir tveimur árum. Það er þó almennt ennþá mikil ánægja með þessa helstu atvinnugrein þjóðarinnar. Ég tel afar mikilvægt að við höldum vel á spöðunum á næstu misserum. Borgin hefur brugðist við á fjölmörgum sviðum til að koma á móts við þessa miklu fjölgun ferðamanna síðustu ár.“*

*Nánari upplýsingar veitir: Áshildur Bragadóttir forstöðukona Höfuðborgarstofu í síma 782-1202.*